

Reglur um úthlutun styrkja til virkniúrræða sem styðja við og auka árangur í starfsendurhæfingu

1 Inngangur

Úthlutun styrkja frá VIRK Starfsendurhæfingarsjóði (VIRK) á sér grundvöll í stofnskrá VIRK og í lögum 60/2012 þar sem starfsendurhæfingarsjóðnum er heimilt að styrkja og stuðla með öðrum hætti að rannsóknum, þróun og uppbyggingu í starfsendurhæfingu, einn og sér eða í samstarfi við aðra aðila. Heildarfjárveiting til styrkjaúthlutunar er ákveðin árlega í fjárhagsáætlun VIRK sem samþykkt er af stjórn sjóðsins. VIRK kaupir starfsendurhæfingarúrræði í samræmi við þarfir þeirra einstaklinga sem njóta þjónustu ráðgjafa stéttarfélaganna. Þessar þarfir eru metnar af ráðgjöfum stéttarfélaganna, sérfræðingum VIRK og utanaðkomandi sérfræðingum og matsaðilum og reynt er að byggja á gagnreyndri þekkingu hvað þetta varðar þegar því verður viðkomið. Þetta er meginstefna VIRK er varðar ráðstöfun á fjármunum til starfsendurhæfingarúrræða.

Aðstæður geta verið til staðar þar sem ráðstöfun fjármuna til styrkja til virkniúrræða eru líkleg til að styðja við og auka árangur í starfsendurhæfingu. Hér eru sett fram viðmið um ráðstöfun fjár af ráðstöfunarfé VIRK í þess konar úrræði eða verkefni.

2 Markmið og áherslur

Markmið með styrkveitingum til virkniúrræða samkvæmt þessum reglum er að stuðla að samstarfi við aðila sem veita opið og gjaldfrjálst aðgengi að þjónustu fyrir einstaklinga sem glíma við heilsubrest sem hefur áhrif á atvinnuþátttöku þeirra. Eðli samstarfsins fer eftir eðli og umfangi starfsemi þess aðila sem hlýtur styrk hverju sinni.

3 Ýmis skilyrði

Um er að ræða virkniúrræði þar sem opið aðgengi er fyrir einstaklinga flesta daga vikunnar og bæði boðið upp á reglulega viðveru og stuðning í daglegu lífi sem og ýmis konar námskeið og virknistarf. Ekki er nægjanlegt að viðkomandi úrræði bjóði einungis upp á stuðning í formi stakra námskeiða eða annarra viðburða. Það er auk þess skilyrði fyrir styrkveitingu að til staðar sé góð samvinna milli viðkomandi virkniúrræðis og VIRK Starfsendurhæfingarsjóðs og að starfsmenn og aðrir sérfræðingar á vegum viðkomandi úrræðis kynni sér vel starfsemi VIRK og leiti leiða til að þróa og auka samvinnu milli viðkomandi virkniúrræðis og ráðgjafa og sérfræðinga VIRK.

VIRK mun ekki bera neina rekstrarlega né faglega ábyrgð á starfsemi þeirri sem fá styrki samkvæmt þessum reglum. Aðilar sem tengjast VIRK (m.a. starfsmenn, stjórnarmenn og ráðgjafar stéttarfélaganna) mega ekki koma að rekstri þessara úrræða sem eigendur, starfsmenn eða stjórnarmenn. Þeir aðilar sem nú þegar eru með samning/samkomulag við VIRK um úrræði í starfsendurhæfingu geta ekki sótt um þennan styrk. Um er að ræða starfsemi sem greiðir ekki út arð (nonprofit).

Sú rekstrareining sem fær styrk samkvæmt þessum reglum getur ekki reitt sig á áframhaldandi stuðning eða styrk frá VIRK. VIRK fer fram á að umsókn um styrk sé sett fram á þar til gert umsóknareyðublað (*EYÐ-11.1 Umsóknareyðublað vegna styrkja til virkniúrræða*). Þar þarf m.a. að tiltaka eftirfarandi þætti:

- Ítarleg lýsing á starfseminni sem um ræðir s.s. lýsing á þjónustu og umfang hennar sem og fjármögnun starfseminnar. Allir þættir skulu settir þannig fram að þeir eru sýnilegir og skiljanlegir.
- Gera þarf grein fyrir fagaðilum sem að starfseminni koma og skýra hvernig þeir styðja við starfið eða hvort um er að ræða virkniúrræði (bæði koma til greina).
- Rökstuðningur fyrir því að starfsemin styður við starfsendurhæfingu.
- Staðfesting á því að um sé að ræða starfsemi með opið og gjaldfrjálst aðgengi að þjónustu flesta daga vikunnar fyrir einstaklinga sem glíma við heilsubrest sem hefur áhrif á atvinnuþáttöku þeirra.

4 Umsókn og ákvörðun

Umsóknir um styrki skal skilað rafrænt til sjóðsins á netfangið styrkir@virk.is á fyrrgreindu umsóknareyðublaði sem nálgast má á heimasíðu VIRK. Á eyðublaðinu skal gerð grein fyrir því verkefni sem um ræðir og lagður fram rökstuðningur fyrir styrkveitingu. Umsókn skal uppfylla þau skilyrði sem sett eru fram í þessum reglum. Ákvarðanir um styrkveitingar eru teknar af framkvæmdastjórn VIRK í mars/apríl ár hvert að fenginni umsögn frá sérfræðingum sjóðsins. Umsóknir þurfa að berast í síðasta lagi 15. febrúar ár hvert til þess að hægt sé að taka afstöðu til þeirra á fundum framkvæmdastjórnar.

5 Fjárhæðir

Heildarfjárhæðir til styrkveitinga koma fram í árlegri fjárhagsáætlun sem samþykkt er af stjórn sjóðsins. Einstakar styrkveitingar skulu vera á bilinu fimm hundruð þúsund til ein milljón króna eftir eðli og stærð starfsemi og eftir fjölda þeirra umsókna sem berast og uppfylla skilyrði um styrkveitingar. Mögulegt er að sækja um hærri styrk eða allt að þrjár milljónir króna ef virkniúrræðið sem um ræðir er í miklu samstarfi við ráðgjafa VIRK og bjóða einstaklingum sem eru í þjónustu ráðgjafa VIRK upp á daglegt aðgengi og stuðning fagfólks sem hluta af endurhæfingaráætlun. Einnig er skilyrði fyrir hærri styrk að reglulegar upplýsingar séu veittar um þjónustu og framgang endurhæfingar. Ekki er veittur hærri styrkur en sem nemur þremur milljónum króna til sama aðila á einu ári. Afhending styrkja og endurgreiðsla

Sá aðili sem fær samþykktan styrk samkvæmt þessum reglum skal senda reikning til VIRK Starfsendurhæfingarsjóðs fyrir styrkfjárhæðinni eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að styrkveiting hefur verið samþykkt. Breytast aðstæður þannig að styrkþegi bjóði ekki lengur þá þjónustu sem skilgreind var í umsókn og er skilyrði fyrir styrkveitingu, er VIRK einnig heimilt að fara fram á að styrkþegi endurgreiði VIRK þann styrk sem greiddur hefur verið.

Samþykkt á stjórnarfundum VIRK - Starfsendurhæfingarsjóðs 11. september 2018 og tók gildi 1. janúar 2019.